

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1042/2003 um inntöku nýnema í læknisfræði og sjúkraþjálfun í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Heiti reglnanna breytist og verður: Reglur um inntöku nýnema í læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í lok 1. másl. 1. mgr. 1. gr. reglnanna kemur: sjúkraþjálfunarfræðum.

3. gr.

Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í 2. másl. 3. mgr. 2. gr. reglnanna kemur: sjúkraþjálfunarfræðum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Fyrirsögn greinarinnar verður: Námsleiðir í læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræðum.
- b. Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: sjúkraþjálfunarfræðum.
- c. Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: sjúkraþjálfunarfræði.

5. gr.

Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í 1. másl. ákvæða til skýringar í reglunum kemur: sjúkraþjálfunarfræðum.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum heilbrigðisvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 9. mgr. 102. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 11. nóvember 2016.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.